

1869.

7. ágúst.

vík af frakkneska herskipinu „Loiret” ýms tilföng til húsagjörðar, einkum tígl og höggvið timbur, sem ætlað er til að byggja hús í tæðum kaupstað á lóð, er frakkneska stjórnin hefir keypt; er áformað að hafa þar geymslubúr handa herskipunum og herbergi handa frakkneskum skipsbrotsmönnum. Um leið og þær, herra stiptamtmaður, hafið beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að krefjast lestagjalds af herskipi þessu samkvæmt lögunum 15. aprílmán. 1854 útaf því, að þessi tilföng hafa verið flutt í land af því, hafið þær enn fremur beiðzt fyrrsagnar um, hvernig eigi að fara að eptirleiðis, ef að fluttur verður á frakknesku herskipunum til landsins forði af matvælum og þess konar handa frakkneskum skipbrotsmönnum, þeim er áformað er að skuli hafa húsnæði í húsi því, er gefið var um, þangað til að þeir verða sendir heimleiðis.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörrið það, að það er vitaskuld, að það verður ekki krafist lestagjalds af þessu frakkneska herskipi útaf hinu um rædda, og að, ef svo ber undir, á heldur ekki að krefjast neins gjalds af því eða þeim frakknesku herskipum, sem kunna að flytja vistir handa skipbrotsmönnum, en aptur á móti ber að skýra stjórnarráðinu frá í hverju einstöku tilfelli, svo að það geti lagt úrskurð á málið.

73. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis.

24. ágúst.

Út af kvongan hans konunglegu tignar Friðriks konungsefnis gjörir kirkju- og kennslustjórnin ráð fyrir, að prestana og söfnuðina á Íslandi muni fýsa að bera fram fyrir drottinn í kirkjunni þakklæti sitt fyrir þenna atburð, sem er ekki síður gleðrikur en mikils varðandi fyrir konungsættina og lýðinn, og að ákalla blessan drottins yfir hjónabandi þessu, til hamingju fyrir hin tignu hjón sjálf og fyrir fósturgjörðina.

1869.

24. ágúst.

Stjórnarráðið leyfir sér því að gefa yður til vitundar, háæruverðugi herra, til þess að þér birtið prestunum á Íslandi það, að það þykir best henta, að bænagjörð þessi fari fram um allt landið í guðþjónustugjörðinni hinn fyrsta sunnudag, sem verða má, og lætur stjórnarráðið það á sjálfsvaldi þeirra presta, sem þess óska, að hafa við þessa guðþjónustugjörð texta, er eigi við tilefnið, í stað textans, sem ákveðinn er fyrir þann sunnudag.

25. ágúst.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Suðurmúlasýslu í dag á þessa leið:

„Í bréfi dagsettu 19. f. m. hafið þér, herra sýslumaður, skýrt frá, að sökum þess, að undanfarnir vetur hafi verið svo harðir og sökum þess, að hafisinn hafi legið við landið allt vorið og sumarið og flutt mönnum og skepnum sjúk-
dóma og drepð niður allan jarðargróða, þá sé ástandið í Suðurmúlasýslu orðið svo aumt, að búast megi við hallæri
að vetri komandi, nema gjörðar verði sérstaklegar ráð-
stafanir til að afstýra því. Í því skyni hafið þér farið þess á leit, að stjórnarráðið að einu leytinu sjái um, að nægar
kornbirgðir verði til á verzlunarstöðunum í sýslunni, að hinu
leytinu veiti yður heimild til að taka út hjá kaupmönn-
unum að vetri smátt og smátt allt að 400 tunnum af korn-
mat á kostnað stjórnarráðsins, til þess að útþýta þeim, sem
láni til sveitastjórnanna í þeim hreppum, þar sem neyðin
er mest.

„Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leið-
beiningar, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið frá
nefnd þeirri, sem sett hefir verið hér í borginni til að
afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um,
að tæð nefnd hafi sent 100 tonn af rúgi til hvers af þeim